| | | |
|---|---|---|
| Nr.: GAT-115<br>Útgáfa: 01<br>Dags.: 13.02.2019<br>Höfundur: GV<br>Samþykkt: MF<br>Síða 1 af 2 | **Menntaskólinn í Kópavogi**<br><br>**Áfangalýsing ENSA1FB00** | |

| | |
|---|---|
| **Búið til – útg.** | 23. okt 2017 – 1. útg |
| **Námsgrein** | Enska |
| **Titill** | Enska 1 á framhaldsskólabraut |
| **Skammstöfun** | ENSA1FB00 |
| **Viðfangsefni** | Hlustun, málnitkun og undirstöðuariði íritun |
| **Staða áfanga** | Samþykkt af skóla |
| **Þrep áfanga** | 1 |
| **Einingafjöldi áfanga** | 0 |
| **Lýsing áfanga** | Megintilgangur áfangans er að byggja upp sjálfstraust nemenda gagnvart ensku, bæði í töluðu máli og rituðu. Lesefni áfangans er af ýmsum toga, bæði bókmenntatextar og tímaritsgreinar. Ritunarverkefni eru bæði frjáls og ritun sem byggir á lesefni áfangans. Áhersla er lögð á notkun orðabóka á netinu. |
| **Forkröfur áfanga** | Áfanginn er ætlaður þeim nemendum sem ekki hafa náð tilskildum árangri á grunnskólaprófi. |
| **Þekkingarviðmið** | **Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**<br>• grundvallaratriðum enskrar málfræði<br>• grunnorðaforða til skilnings á textum og töluðu máli um kunnugleg efni og einnig til ritunar um sömu efni<br>• tilteknum hagnýtum orðarforða daglegs lífs<br>• heildarinntaki í munnlegum frásögnum og samtölum um efni almenns eðlis |
| **Leikniviðmið** | **Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**<br>• skilja talað mál um kunnuglegt efni<br>• skilja almenna texta með orðaforða úr daglegu lífi<br>• mynda setningar um kunnugleg efni<br>• nota upplýsingatækni til að afla sér gagna og efnis í málanáminu<br>• lesa á ensku sér til gagns og ánægju<br>• taka þátt í einföldum samtölum á ensku<br>• semja stuttar efnisgreinar |

| | |
|---|---|
| **Hæfniviðmið** | **Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**<br>• skilja almennt einfalt daglegt mál, þ.m.t. úr kvikmyndum og öðru afþreyingarefni ...sem er metið með... kynningu á verkefninu eða öðru munnlegu verkefni<br>• skilja almenna einfalda texta um kunnuglegt efni<br>• skilja stuttar blaða- og tímaritsgreinar um almenn efni og námsefni<br>• lesa sér til ánægju, t.d. bókmenntir eða um hugðarefni sín, og geta tjáð sig um efnið<br>• miðla efni sem hann hefur aflað sér þekkingar á<br>• skrifa stutta, samfellda texta um persónuleg efni eða áhugamál og efni sem tengist námsefni áfangans |
| **Námsmat** | Við námsmat er horft til framfara og þátttöku í verkefnum í kennslustundum á önninni, s.s. umræðum, samtölum, vinnumöppu og fréttabréfi. Símatsáfangi þar sem námsmat er sveigjanlegt og hugsað til að ýta undir styrkleika nemenda. |